

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/509

komudagur 28.11.2007 DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahgs- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2007 02-2007111012
G-ums 10/07

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004 - 4. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 23. nóvember 2007 móttengið bréf yðar dagsett 22. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004.

Umrætt lagafrumvarp gerir ráð fyrir því að endurgreiða skuli 50% olúgjalds af olfu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings.


I-liður framangreindra laga nr. 73/2001, skilgreinir hvað falli undir farmflutninga í atvinnuskyni með eftirgreindum hætti: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi.


Í j-lið framangreindra laga nr. 73/2001, er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

Í dag er að finna í lögnum endurgreiðsluheimild til handa þeim er hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflytninga og efnisflutninga á landi. Um er að ræða fáa aðila í sérhæfðum akstri, sem ríkisskattstjóri hefur reglubundið eftirlit með. Ekki verður séð að framkvæmdin verði jafn einföld og skilvirk ef endurgreiðsluheimild yrði jafn víðtæk og frumvarpið gerir ráð fyrir, en hér er m.a. gert ráð fyrir flutningi verktaka við byggingar sbr. j-lið 3. gr. laga 72/2001. Undir það geta fallið mjög margar bifreiðar mjög margra aðila. Viðkomandi aðilar þyrftu þannig að halda utan um það hve mikil olía er notuð vegna fyrrgreinds aksturs til að sýna fram á rétt til endurgreiðslu vegna olíunotkunar er félli þar undir. Verður ekki annað séð en að eftirlit með slíku yrði mjög flókið og tímafrekt og má ætla að verði umrætt lagafrumvarp að veruleika þurfi embætti ríkisskattstjóra að fjölga um a.m.k. tvo starfsmenn til að sinna slíku eftirliti.

Sé grunnhugmyndin með frumvarpinu að lækka flutningskostnað þyngri bifreiða (10 tonn og yfir) væri mun einfaldara að undanþiggja slíkar bifreiðar kílómetragjaldi.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir